Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Dagsetning 9.7.2026
Málsnúmer FRN25060153

## Svar við fyrirspurn í tengslum við uppsögn samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Vísað er til fyrirspurnar frá velferðarráði Reykjavíkurborgar, um áhrif uppsagnar samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á aðgang barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd að leikskólum borgarinnar, sem fram kemur í erindi frá sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 18. mars 2026.

Í því sambandi bendir ráðuneytið á að í þeim þjónustusamningi sem um ræðir var ekki samið sérstaklega um að börnum í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd skyldi á grundvelli samningsins standa til boða að sækja leikskóla. Í ljósi þess hefur ekki verið talin þörf á að meta sérstaklega áhrif af uppsögn umrædds samnings á aðgang barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd að leikskólum borgarinnar.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara fyrirspurninni.

Fyrir hönd ráðherra,

Bjarnheiður Gautadóttir

Jón Þór Þorvaldsson